

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 27. maí 2008 var samþykkt deiliskipulag við Krókalón á Akranesi.

Deiliskipulagið nær til svæðis milli Vesturgötu, Krókalóns og sjávar. Megintilgangur deiliskipulagsins er að marka svæði fyrir göngu- og hjólréiðastíg meðfram ströndinni skv. aðalskipulagi Akraneskaupstaðar 2005-2017. Jafnframt verður lögð frárennslislögn fyrir fráveitukerfi Akraness. Á nokkrum lóða við Vesturgötu og Krókalón eru markaðir nýir byggingarreitir. Hluta af sjóvarnargarði þarf að færa utar.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 21. júlí 2008.

Guðný J. Ólafsdóttir,
fulltrúi sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs.